

## Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um samningsafstöðu Íslands varðandi dýra- og plöntuheilbrigði í aðildarviðræðum við Evrópusambandið.

Frá Atla Gíslasyni og Jóni Bjarnasyni.

1. Hvernig er staðið að mótun samningsafstöðu varðandi dýra- og plöntuheilbrigði í viðræðum um aðild Íslands að Evrópusambandinu?
2. Gerir ráðherra kröfur um undanþágur frá regluverki Evrópusambandsins hvað þennan málaflokk varðar og þá hvaða kröfur?
3. Hefur ráðherra fylgt því sérstaklega eftir að samráð við hagsmunaaðila sé tryggt á öllum stigum málsins og ef svo er, þá hvernig?

Skriflegt svar óskast.